

TILSKIPUN RÁÐSINS 92/58/EBE

frá 24. júní 1992

um lágmarkskröfur um uppsetningu öryggis- og heilbrigðismerkja á vinnustöðum
(núnda sértilskipun í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 89/391/EBE)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 118. gr. a,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾, sem gerð var í samráði við ráðgjafarnefndina um öryggi, hollustuhætti og heilsuvernd á vinnustöðum,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins ⁽²⁾,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í 118. gr. a í sáttmálanum er kveðið á um að ráðið skuli, með tilskipunum, samþykkja lágmarkskröfur til að stuðla að úrbótum, einkum á vinnuumhverfi, til að tryggja betur öryggi og heilsu starfsmanna.

Samkvæmt þeirri grein ber að forðast í slíkum tilskipunum að setja stjórnunarlegar, fjárhagslegar og lagalegar skorður sem hindra myndu stofnun og þróun lítilla og meðalstórra fyrirtækja.

Í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um áætlun sína um öryggi, hollustuhætti og heilsuvernd á vinnustöðum ⁽⁴⁾ er gert ráð fyrir endurskoðun og útvíkkun á gildissviði tilskipunar ráðsins 77/576/EBE frá 25. júlí 1977 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna um öryggisskilti á vinnustöðum ⁽⁵⁾.

Í ályktun sinni frá 21. desember 1987 um öryggi, hollustuhætti og heilsuvernd á vinnustað ⁽⁶⁾ benti ráðið á að framkvæmdastjórnin hefuri í hyggju að leggja fyrir það áður en langt um líður tillögu um endurskoðun og útvíkkun ofanefndrar tilskipunar.

Þessi tilskipun ætti, fyrir samkvæmni og skýrleika sakir, að koma í stað tilskipunar 77/576/EBE.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. C 53, 28. 2. 1991, bls. 46, og Stjtið. EB nr. C 279, 26. 10. 1993, bls. 13.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. C 240, 16. 9. 1991, bls. 102, og Stjtið. EB nr. C 150, 15. 6. 1992.

⁽³⁾ Stjtið. EB nr. C 159, 17. 6. 1991, bls. 9.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB nr. C 28, 3. 2. 1988, bls. 3.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB nr. L 229, 7. 9. 1977, bls. 12. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 79/640/EBE (Stjtið. EB nr. L 183, 19. 7. 1979, bls. 11).

⁽⁶⁾ Stjtið. EB nr. C 28, 3. 2. 1989, bls. 1.

Þessi tilskipun er sértilskipun í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar ráðsins 89/391/EBE frá 12. júní 1989 um lögleiðingu ráðstafana er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustöðum ⁽⁷⁾. Ákvæði tilskipunar 89/391/EBE gilda því að öllu leyti í sambandi við öryggis- og heilbrigðismerki á vinnustöðum, með fyrirvara um strangari og/eða sértækari ákvæði í þessari tilskipun.

Núgildandi reglur bandalagsins fjalla einkum um öryggismerki og merki til varúðar gegn hættulegum hindrunum eða stöðum, og ná því aðeins til vissra gerða af merkjum.

Vegna þessa vantar viðeigandi merki við sumum hættum. Því þarf að innleiða nýjar gerðir af merkjum svo að atvinnurekendur og starfsmenn geti varast hættur fyrir öryggi þeirra og heilbrigði á vinnustað.

Koma verður fyrir öryggis- og/eða heilbrigðismerkjum á stöðum þar sem ekki er hægt að draga úr hættu með almennum varúðarráðstöfunum eða ráðstöfunum, aðferðum eða leiðum sem tengjast vinnufyrirkomulaginu.

Sá mikli munur sem nú er á öryggis- og/eða heilbrigðismerkjum í aðildarríkjunum veldur óöryggi og það gæti aukist enn frekar við frjálsa för launþega um innri markaðinn.

Notkun staðlaðra skilta á vinnustöðum er almennt líkleg til að draga úr hættum sem kunna að fylgja ólíkum bakgrunni starfsmanna sakir tungumáls eða menningar.

Þessi tilskipun er spor í átt til þróunar innri markaðarins á félagslega sviðinu.

Samkvæmt ákvörðun 74/325/EBE ⁽⁸⁾, eins og henni var síðast breytt með lögum um aðild Spánar og Portúgals, hefur framkvæmdastjórnin samráð við ráðgjafarnefndina um öryggi, hollustuhætti og heilsuvernd á vinnustöðum við gerð tillagna.

⁽⁷⁾ Stjtið. EB nr. L 183, 29. 6. 1989, bls. 1.

⁽⁸⁾ Stjtið. EB nr. L 185, 9. 7. 1974, bls. 15.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. ÞÁTTUR

ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

Markmið

1. Með tilskipun þessari, sem er nýunda sértilskipun í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 89/391/EBE, eru sett lágmarksákvæði um uppsetningu öryggis- og/eða heilbrigðismerkja á vinnustöðum.
2. Tilskipun þessi hefur ekki áhrif á bandalagsákvæði um markaðssetningu hættulegra efna og efnablandna, vara og/eða búnaðar nema það sé sérstaklega tekið fram í þessum bandalagsákvæðum.
3. Tilskipun þessi nær ekki til skilta sem tengjast umferð á vegum, járnbrautum, skipgengum vatnaleiðum, sjó eða í lofti.
4. Ákvæði tilskipunar 89/391/EBE gilda að fullu á öllum sviðum sem um getur í 1. mgr., sbr. þó strangari og/eða sértækari ákvæði sem þessi tilskipun felur í sér.

2. gr.

Skilgreiningar

1. Í tilskipun þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:
 - a) „öryggis- og/eða heilbrigðismerki“: merki sem vísa til tiltekins hlutar, starfsemi eða aðstæðna og veita upplýsingar eða leiðbeiningar um öryggi og/eða heilbrigði á vinnustöðum og eru ýmist skilti, litur, ljós- eða hljóðmerki, munnleg fyrirmæli eða bendingar;
 - b) „bannmerki“: merki sem bannar atferli er valdið getur hættu;
 - c) „viðvörðunarkerki“: merki sem varar við vá;
 - d) „boðmerki“: merki sem sýnir sérstaka hegðun;
 - e) „neyðarkerki“: merki sem sýnir neyðarútganga ef hætta steðjar að, leið að neyðarútbúnaði eða staðsetningu björgunartækja;
 - f) „upplýsingamerki“: merki sem veitir aðrar upplýsingar en þær sem greint er frá í b- til e-lið;

- g) „skilti“: merki sem með samlandi af rúmfræðilegu formi, lit og tákni eða mynd veitir tiltekna upplýsingar og er gert sýnilegt með hæfilegri lýsingu;
- h) „viðbótarskilti“: skilti sem einungis er notað samhliða einu skiltanna sem greint er frá í g-lið og veitir viðbót- arupplýsingar;
- i) „öryggislitur“: litur sem hefur sérstaka merkingu í tengslum við öryggi;
- j) „tákn eða mynd“: mynd sem lýsir tilteknum aðstæðum og veitir fyrirmæli um tiltekna hegðun og er notuð á skilti eða upplýsta fleti;
- k) „ljósmerki“: merki frá tæki úr gagnsæjum eða gegnumskínandi efnum sem er lýst innan eða aftan frá svo það virðist sjálft vera lýsandi flötur;
- l) „hljóðmerki“: merki samkvæmt ákveðnu merkjakerfi sent frá tæki sem er hannað í því skyni, án hjálpar manns- eða gerviraddar;
- m) „munnleg fyrirmæli“: fyrirframákveðin boð töluð með manns- eða gervirödd;
- n) „bending“: hreyfing og/eða staða handleggja og/eða handa, samkvæmt merkjakerfi, til leiðbeiningar fyrir þá sem framkvæma hreyfingar er hafa hættu í för með sér fyrir starfsmenn.

II. ÞÁTTUR

SKYLDUR ATVINNUREKENDA

3. gr.

Almennar reglur

1. Atvinnurekendur skulu setja upp öryggis- og/eða heilbrigðismerki samkvæmt þessari tilskipun eða ganga úr skugga um að slík merki séu á stöðum þar sem hætta verður ekki umflúin eða ekki hægt að draga nægilega úr henni með almennum varúðarráðstöfunum eða ráðstöfunum, aðferðum eða leiðum sem tengjast vinnufyrirkomulaginu.
- Atvinnurekendur skulu taka tillit til áhættumats sem gert er í samræmi við a-lið 3. mgr. 6. gr. tilskipunar 89/391/EBE.
2. Með fyrirvara um ákvæði V. viðauka skulu merkin sem eru notuð í tengslum við umferð á vegum, járnbrautum, skipgengum vatnaleiðum, sjó og í lofti einnig vera notuð á

yfirráðasvæðum fyrirtækja þar sem slíkt á við.

4. gr.

Öryggis- og/eða heilbrigðismerki notuð í fyrsta sinn

Með fyrirvara um 6. gr. verða öryggis- og/eða heilbrigðismerki sem eru notuð á vinnustað í fyrsta sinn daginn eða eftir daginn sem um getur í fyrstu undirgrein 1. mgr. 11. gr. að uppfylla lágmarkskröfur í I. – IX. viðauka.

5. gr.

Öryggis- og/eða heilbrigðismerki sem eru nú þegar í notkun

Með fyrirvara um 6. gr. verða öryggis- og/eða heilbrigðismerki sem voru í notkun á vinnustað fyrir daginn sem um getur í fyrstu undirgrein 1. mgr. 11. gr. að uppfylla lágmarkskröfur í I. – IX. viðauka eigi síðar en átján mánuðum frá þeim degi.

6. gr.

Undanþágur

1. Aðildarríkin geta, með tilliti til starfsemi og/eða stærðar hlutaðeigandi fyrirtækja, tiltekið tegundir fyrirtækja sem fá heimild til að beita, að nokkru leyti eða um nokkum tíma, í stað ljósmerkjanna og/eða hljóðmerkjanna sem kveðið er á um í þessari tilskipun, öðrum ráðstöfunum sem veita jafnmikla vernd.

2. Aðildarríkin geta, að höfðu samráði við aðila vinnu- markaðarins, veitt undanþágur frá 2. lið í VIII. viðauka og/eða 3. lið í IX. viðauka og gert aðrar ráðstafanir sem veita jafnmikla vernd.

3. Aðildarríkin skulu, í samræmi við landslög og/eða venjur, hafa samráð við samtök atvinnurekenda og launþega við framkvæmd 1. mgr.

7. gr.

Upplýsingar og leiðbeiningar til starfsmanna

1. Með fyrirvara um 10. gr. tilskipunar 89/391/EBE skulu starfsmenn og/eða fulltrúar þeirra upplýstir um allar ráðstafanir sem á að gera varðandi öryggis- og/eða heilbrigðismerki á vinnustað.

2. Með fyrirvara um 12. gr. tilskipunar 89/391/EBE skulu starfsmenn fá viðeigandi leiðbeiningar, einkum með nákvæmum ábendingum um öryggis- og/eða heilbrigðismerki á vinnustað.

Við leiðbeiningarnar samkvæmt 1. mgr. skal einkum fjallað um inntak merkjanna, einkum þeirra sem hafa texta, og um framferði almennt og í einstökum tilvikum.

8. gr.

Samráð við starfsmenn og þátttaka þeirra

Hafa ber samráð við starfsmenn og/eða fulltrúa þeirra og þátttaka þeirra skal tryggð í samræmi við 11. gr. tilskipunar 89/391/EBE á þeim sviðum sem tilskipun þessi tekur til, að I. – IX. viðauka meðtöldum.

III. ÞÁTTUR

ÝMIS ÁKVÆÐI

9. gr.

Aðlögun viðauka

Tæknilegar aðlaganir á I. – IX. viðauka skulu samþykktar í samræmi við málsmeðferðina í 17. gr. tilskipunar 89/391/EBE með hliðsjón af:

- samþykkt tilskipana um tæknilega samræmingu og stöðlun varðandi hönnun og framleiðslu öryggis- og/eða heilbrigðismerkja eða -búnaðar á vinnustöðum,
- tækniframförum, breytingum á alþjóðareglum og aukinni vitneskju á sviði öryggis- og/eða heilbrigðismerkja á vinnustöðum.

10. gr.

1. Tilskipun 77/576/EBE fellur úr gildi á þeim degi sem tilgreindur er í fyrstu undirgrein 1. mgr. 11. gr.

Í tilvikum sem um getur í 5. gr. gildir hún þó áfram í átján mánuði, í mesta lagi, frá þeim degi.

2. Tilvísanir til ógiltu tilskipunarinnar teljast vera tilvísanir í tilsvarendi ákvæði í þessari tilskipun.

*11. gr.***Lokaákvæði**

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 24. júní 1994.

Þau skulu tilkynna framkvæmdastjórninni það þegar í stað.

2. Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

3. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem hafa verið samþykkt um málefni sem tilskipun þessi nær til.

4. Aðildarríkin skulu á fimm ára fresti senda framkvæmdastjórninni skýrslu um framkvæmd ákvæða þessarar tilskipunar og gera þar grein fyrir sjónarmiðum atvinnurekenda og launþega.

Framkvæmdastjórnin greinir Evrópuþinginu, ráðinu, efnahags- og félagsmálanefndinni og ráðgjafarnefndinni um öryggi, hollustuhætti og heilsuvernd á vinnustöðum frá þessu.

5. Framkvæmdastjórnin leggur reglulega fyrir Evrópuþingið, ráðið og efnahags- og félagsmálanefndina skýrslu um framkvæmd þessarar tilskipunar með hliðsjón af 1. – 4. mgr.

12. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Lúxemborg 24. júní 1992.

Fyrir hönd ráðsins,

José da SILVA PENEDA

forseti.

I. VIÐAUKI

ALMENNAR LÁGMARKSKRÖFUR VARÐANDI ÖRYGGIS- OG HEILBRIGÐISMERKI Á VINNUSTÖÐUM**1. Ábendingar**

- 1.1. Þegar krafist er öryggis- og/eða heilbrigðismerkja samkvæmt almennu ákvæði 3. gr. verða þau að samrýmast hinum tilteknu kröfum í II. – IX. viðauka.
- 1.2. Í þessum viðauka eru þessar kröfur kynntar, mismunandi öryggis- og/eða heilbrigðismerkjum lýst og nefndar almennar reglur um merki til vara og samspil merkja.
- 1.3. Heilbrigðis- og/eða öryggismerki má aðeins nota til að veita þau fyrirmæli eða upplýsingar sem eru tilgreindar í tilskipuninni.

2. Gerðir af merkjum**2.1. Föst merki**

- 2.1.1. Nota skal föst skilti fyrir merki sem snerta bönn, viðvaranir og boð og til að sýna staðsetningu og gerð neyðarútganga og skyndihjálpar.
Nota skal föst skilti og/eða fastan öryggislit til að sýna staðsetningu og gerð slökkvibúnaðar.
- 2.1.2. Merki á flát og rör verður að festa í samræmi við III. viðauka.
- 2.1.3. Staði þar sem hættu er á árekstrum á hindranir eða hrapir skal merkja varanlega með öryggislit og/eða skiltum.
- 2.1.4. Akstursleiðir skal merkja varanlega með öryggislit.

2.2. Tækifærismerki

- 2.2.1. Þegar lýst er yfir hættu, fólk látið gera vissar ráðstafanir og við brottflutning fólks í neyð skal, þegar þess þarf með, notast við ljósmerki, hljóðmerki og/eða munnleg fyrirmæli og hafa hliðsjón af notkun merkja til vara og samspili merkja, samanber 3. lið.
- 2.2.2. Til að leiðbeina fólki sem framkvæmir hættulegar hreyfingar skal, þegar þess þarf með, notast við bendingar og/eða munnleg fyrirmæli.

3. Merki til vara og samspil merkja**3.1. Ef gagnið er hið sama má velja á milli:**

- öryggislitar eða skiltis til að vara við hindrunum eða ójöfnum,
- ljósmerkja, hljóðmerkja eða munnlegra fyrirmæla,
- bendinga eða munnlegra fyrirmæla.

3.2. Sumar gerðir merkja má nota saman:

- ljósmerki og hljóðmerki,
- ljósmerki og munnleg fyrirmæli,
- bendingar og munnleg fyrirmæli.

4. Leiðbeiningarnar í töflunni hér að aftan eiga við um allir gerðir merkja með öryggislit:

Litur	Inntak eða tilgangur	Fyrirmæli og upplýsingar
Rautt	Bannmerki	Hættulegt framferði
	Varúð - hætta	Stöðvun, lokun, neyðarstopp Brottflutningur
	Slökkvibúnaður	Gerð og staðsetning
Gult/Rauðgult	Viðvörðunarkerki	Sýnið varúð, sýnið aðgát Athugun
Blátt	Boðmerki	Tiltekið framferði eða ráðstafanir Skylda að bera persónuhlífar
Grænt	Neyðarskilti	Dyr, útgönguleiðir
	Skyndihjálparmerki	búnaður, herbergi
	Engin hætta	Hætta liðin hjá

5. Gagnsemi merkinga má ekki skerðast:
 - 5.1. af öðru merki, ljós- eða hljóðsuppsprettu sömu tegundar sem getur verið truflandi fyrir sjón og heyrn, og því skal:
 - 5.1.1. forðast að setja of mörg merki of nálægt hvert öðru;
 - 5.1.2. ekki nota samtímis tvö ljósmerki sem hægt er að villast á;
 - 5.1.3. ekki nota ljósmerki ef svipuð ljósuppspretta er í grennd;
 - 5.1.4. ekki nota tvö hljóðmerki samtímis;
 - 5.1.5. ekki nota hljóðmerki ef umhverfishávaði er of mikill;
 - 5.2. af lélegri hönnun merkja eða merkjabúnaðar, ónógum fjölda, rangri staðsetningu, vondu ásigkomulagi eða sakir þess að búnaðurinn starfar ekki rétt.
6. Merkjum og merkjabúnaði þarf, í samræmi við kröfur, að halda við, hreinsa hann, gera við, prófa og, ef þess þarf með, skipta um reglulega til að tryggja að hann haldi eiginleikum sínum og/eða geti ávallt gegnt hlutverki sínu.
7. Fjöldi og staðsetning uppsettra merkja eða merkjabúnaðar fer eftir því hve hættan er mikil eða eftir viðkomandi svæði.
8. Merki sem þarfnast einhvers konar orku þurfa að vera tengd varaafli ef aðalorkan bregst, nema hættan hverfi einnig með orkuleysinu.
9. Sending ljós- og/eða hljóðmerkis sýnir hvenær tilskilin aðgerð skal hefjast; merkjasendingarnar skulu standa eins lengi og aðgerðin varir.
Ljós- og hljóðmerki verður að tengja aftur strax eftir hverja notkun.
10. Prófa verður ljós- og hljóðmerkjabúnað áður en hann er tekinn í notkun til að tryggja að hann starfi eðlilega; síðan skal prófa þennan búnað reglulega eftir því sem þörf er á.
11. Ef viðkomandi starfsmenn eiga erfitt með að heyra eða sjá, t.d. vegna notkunar persónuhlífa, verður að gera ráðstafanir til að bæta við eða skipta um merki.
12. Svæði, herbergi eða rými sem eru notuð til geymslu á verulegu magni af hættulegum efnum eða efnablöndum verður að merkja með viðeigandi viðvörðunarskilti samkvæmt lið 3.2. í II. viðauka eða merkja samkvæmt því sem segir í 1. lið III. viðauka, nema merkingar á einstökum pakkningum eða ílátum séu viðunandi í þessu tilliti.

II. VIÐAUKI

LÁGMARKSKRÖFUR VARÐANDI SKILTI

1. Meginreglur

- 1.1. Í 3. lið eru fyrirmæli um lögun og liti á skiltum, í samræmi við hlutverk þeirra (skilti sem tákna bann, viðvörðun, boð, neyðarútgang og slökkvibúnað).
- 1.2. Táknmyndirnar eiga að vera eins einfaldar og unnt er og lausar við öll óþarfa smáatriði.
- 1.3. Táknmyndirnar sem eru notaðar mega víkja lítilliga frá þeim sem eru sýndar í 3. lið, vera einfaldari eða flóknari, að því tilskildu að þær flytji sama boðskap og séu ekki torskildari.
- 1.4. Skiltin skulu vera úr efni sem stenst vel högg og þolir veður á uppsetningarstað.
- 1.5. Stærð, litur og andstæður á skiltunum skal vera með þeim hætti að þau sjáist vel og séu skiljanleg.

2. Notkun öryggisskilta

- 2.1. Öryggisskiltin skulu að jafnaði sett upp í heppilegri hæð og stöðu miðað við sjónarhorn, með hliðsjón af hindrunum, annaðhvort við inngang á svæði, sem almennt er hættulegt að fara um, eða hið næsta við tiltekna hættu eða hlut, og á vel upplýstum, aðgengilegum og áberandi stað.

Með fyrirvara um tilskipun 89/654/EBE skal nota fosfórliti, endurskinsefni og lýsingu þar sem náttúruleg birta er lítil.
- 2.2. Fjarlægja verður skilti ef ástæðurnar fyrir uppsetningu þess eru ekki lengur gildar.

3. Skilti

3.1. *Bannskilti*

Meginreglur:

- hringlaga
- svört táknmynd á hvítum grunni, rauðir jaðrar og skástrík (rauði hlutinn á að hylja a.m.k. 35% af skiltisfletinum).

Reykingar bannaðar

Reykingar og opinn eldur bannaður

Bannað fótgangandi

Slökkvið ekki með vatni

Óhæft til drykkjar

Óviðkomandi bannaður aðgangur

Vinnuvélum bannaður aðgangur

Snertið ekki

3.2. Viðvörðunarskilti

Meginreglur:

- þríhyrnd
- svört tákmynd á gulum grunni með svörtum jöðrum (guli hlutinn á að hylja a.m.k. 50% af skiltisfletinum).

Eldfim efni eða hár hiti⁽¹⁾

Sprengifim efni

Eiturefni

Ætandi efni

Geislavirk efni

Krani við vinnu

⁽¹⁾ Ef ekki er sérstakt skilti fyrir háan hita.

Flutningatæki á ferð

Hætta: rafmagn

Hætta

Leysigeislar

Eldnærandi efni

Ójónandi geislun

Óflugt segulsvið

Ójöfnur

Hæðarmismunur

Líffræðileg hætta(*)

Lágur hiti

Skaðlegt eða ertandi efni(**)

3.3. *Boðskilti*

Meginreglur:

- hringlaga
- hvít táknmynd á bláum grunni (blái hlutinn á að hylja a.m.k. 50% af skiltisfletinum).

(*) Kveðið er á um þessa táknmynd í tilskipun ráðsins 90/679/EBE frá 26. nóvember 1990 um verndun starfsmanna gegn áhættu vegna líffræðilegra áhrifa valda á vinnustöðum (sjöunda sértilskipun í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 89/391/EBE) (Stjtið. EB nr. L 374, 31. 12. 1990, bls. 1).

(**) Bakgrunnurinn á þessu skilti má í undantekningartilvikum vera rauðgulur ef það er gert til aðgreiningar frá tilsvareandi umferðarskilti.

Skylt að bera augnhlífur

Skylt að bera öryggishjálms

Skylt að bera heymarhlífur

Skylt að bera öndunargrímu

Skylt að nota öryggisskó

Skylt að bera hlífðarhanska

Skylt að klæðast hlífðarsamfestingi

Skylt að hafa andlitshlíf

Skylt að nota fallvörn

Gangið hér

Hætta (e.t.v. með viðbótarskilti)

3.4. *Neyðarskilti*

Meginreglur:

- réttthyrnd eða ferhyrnd
- hvít tákmynd á grænum grunni (græni hlutinn á að hylja a.m.k. 50% af skiltisfletinum).

Neyðarútgangar

Leiðaskilti
(viðbótarupplýsingaskilti)

Skyndihjálp

Sjúkrabörur

Neyðarsturta

Augnskolun

Neyðarsími fyrir skyndihjálp og björgun

3.5. *Skilti varðandi slökkvibúnað*

Meginreglur:

- réttthyrnd eða ferhyrnd
- hvít tákmynd á rauðum grunni (rauði hlutinn á að hylja a.m.k. 50% af skiltisfletinum).

Brunaslanga

Brunastigi

Slökkvitæki

Neyðarsími til slökkviliðs

Leiðaskilti
(viðbótarupplýsingaskilti)

III. VIÐAUKI

LÁGMARKSKRÖFUR VARÐANDI MERKI Á ÍLÁTUM OG RÖRUM

1. Ílát sem eru notuð á vinnustöðum undir hættuleg efni og efnablöndur samkvæmt skilgreiningu í tilskipunum 67/548/EBE ⁽¹⁾ og 88/379/EBE ⁽²⁾, ílát til geymslu á slíkum efnum og efnablöndum og sýnileg rör sem innihalda eða flytja hættuleg efni og efnablöndur verður að merkja (táknmynd eða tákn á lituðum grunni) í samræmi við þessar tilskipanir.

1. liður á ekki við um ílát sem eru notuð um skamman tíma á vinnustöðum né ílát sem margoft er skipt um innihald í, að því tilskildu að viðeigandi ráðstafanir séu gerðar, t.d. með fræðslu og/eða þjálfun, er veita jafnmikið öryggi.

Í stað merkinganna sem um getur í 1. lið:

- má nota viðvörunarmerki, samanber II. viðauka, með sömu táknmynd eða tákni,
- eða bæta við þær upplýsingum, t.d. heiti hættulega efnisins og/eða formúlu þess, ásamt nánari upplýsingum um hættuna,
- eða, við flutning íláta á vinnustað, bæta við þær eða nota í staðinn tákn sem eru notuð í bandalaginu við flutning hættulegra efna eða efnablandna.

2. Merkjunum verður að koma fyrir:

- á þeirri hlið eða hliðum sem sjást,
- með skiltum, sjálflímandi miðum eða mála þau á flötinn.

3. Meginreglurnar í lið 1.4 í II. viðauka og ákvæðin í 2. lið í II. viðauka um notkun skilta gilda, þar sem við á, einnig um merkingarnar sem um getur í 1. lið þessa viðauka.

4. Með fyrirvara um 1., 2. og 3. lið skal merkja rör á sýnilegum stað og nálægt þeim stöðum sem eru hættulegastir, t.d. við loka og tengi, og með hæfilegu millibili.

5. Svæði, herbergi eða rými sem eru notuð til geymslu á verulegu magni af hættulegum efnum eða efnablöndum verður að merkja með viðeigandi viðvörunarskilti samkvæmt lið 3.2. í II. viðauka eða merkja samkvæmt því sem segir í 1. lið III. viðauka, nema merkingar á einstökum pakkningum eða ílátum séu viðunandi í þessu tilliti, með hliðsjón af lið 1.5 í II. viðauka.

Geymslustaði með margs konar hættulegum efnum eða efnablöndum má merkja með viðvörunarskiltinu „Hætta“.

Ofanefndum skiltum eða merkingum skal komið fyrir, eftir aðstæðum, nálægt geymslurými eða í dyrum að geymslurými.

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. L 196, 16. 8. 1967, bls. 1.

⁽²⁾ Stjttíð. EB nr. L 187, 16. 7. 1988, bls. 14.

*IV. VIÐAUKI***LÁGMARKSKRÖFUR VARÐANDI STAÐSETNINGU OG GERÐ SLÖKKVIBÚNAÐAR****1. Ábending**

Þessi viðauki gildir um búnað sem er einvörðungu notaður til að slökkva eld.

2. Slökkvibúnað þarf að merkja með sérstökum lit og gefa staðsetningu hans til kynna með skilti og/eða með því að nota ákveðinn lit sem táknar geymslustaði eða aðgang að þeim.
3. Til að merkja þennan búnað er notaður rauður litur.
Rauði liturinn þarf að þekja svo stóran hluta af yfirborðinu að búnaðurinn verði auðþekktanlegur.
4. Nota skal skiltin sem er kveðið á um í lið 3.5 í II. viðauka til að sýna staðsetningu þessa búnaðar.

V. VIÐAUKI

**LÁGMARKSKRÖFUR VARÐANDI MERKINGAR Á HINDRUNUM OG HÆTTULEGUM STÖÐUM
OG Á UMFERÐARLEIÐUM****1. Merkingar á hindrunum og hættulegum stöðum**

- 1.1. Staði á byggðum svæðum fyrirtækja sem starfsmenn hafa aðgang að og þar sem hættu er á árekstrum, að hlutir hrapa niður eða menn hrasa skal merkja með gulum og svörtum eða rauðum og hvítum rákum.
- 1.2. Stærð merkinganna skal miðast við umfang hindrana eða staðinn sem er hættulegur.
- 1.3. Gulu og svörtu eða rauðu og hvítu rákirar skulu mynda sem næst 45° horn og vera um það bil jafnbreiðar.
- 1.4. Dæmi:

2. Merkingar á umferðarleiðum

- 2.1. Ef notkun húsakynna eða búnaður krefst þess, til varnar starfsmönnum, skulu akstursleiðir vera greinilega merktar með óslitinni rák í greinilegum lit, helst hvítum eða gulum, sem er valinn með hliðsjón af aðstæðum.
 - 2.2. Rákirnar skulu settar þannig að þær sýni örugga fjarlægð frá ökutæki að nálægum hlut og milli ökutækja og fótgangandi manna.
 - 2.3. Akstursleiðir utandyra á byggðum svæðum fyrirtækis skulu einnig merktar ef þess gerist þörf, nema þær séu vel afmarkaðar.
-

VI. VIÐAUKI

LÁGMARKSKRÖFUR VARÐANDI LJÓSMERKI

1. Meginreglur

- 1.1. Ljósmerkið verður að gefa frá sér hæfilega sterkt og áberandi ljós í samræmi við aðstæður og tilganginn með notkun þess, og það má ekki vera svo bjart að það blindi né svo dauft að það sjáist illa.
- 1.2. Ljósflöturinn sem sendir frá sér merki getur verið einlitur eða með tákmynd á tilteknum bakgrunni.
- 1.3. Einliti flöturinn verður að vera í samræmi við töfluna um inntak lita í 4. lið I. viðauka.
- 1.4. Ef merki er með tákmynd verður tákmyndin að vera í samræmi við viðeigandi reglur í II. viðauka.

1. Ákveðnar reglur um notkun

- 2.1. Ef búnaður getur sent frá sér jafnt stöðugt sem leiftrandi ljósmerki skal nota leiftrandi merki til marks um meiri hættu eða brynni þörf á að gripið sé til aðgerða en þegar ljósmerkið er stöðugt.
Tíminn sem hvert leiftur varir og leifturtíðni frá ljósmerkjabúnaði skal vera með þeim hætti:
 - að boðin skiljist fyllilega,
 - að ekki sé hætt á að þeim sé ruglað saman við önnur ljósmerki eða stöðugt ljósmerki.
- 2.2. Ef leiftrandi ljósmerki er notað í staðinn fyrir hljóðmerki eða með því skal nota sama merkjakerfi.
- 2.3. Búnaður sem er notaður til að senda leiftrandi merki við alvarlegt hættuástand verður að vera undir sérstöku eftirliti eða hafa aukalampa.

VII. VIÐAUKI

LÁGMARKSKRÖFUR VARÐANDI HLJÓÐMERKI

1. Meginreglur

- 1.1. Hljóðmerki skal:
 - a) vera áberandi hærra en umhverfishljóð svo það heyrir án þess að sé óþarflega hávært eða sársaukafullt;
 - b) vera auðþekkjanlegt, einkum með hliðsjón af boðalengd, bilum milli boða eða boðaraða, og vera auðgreinanlegt frá öðrum hljóðmerkjum eða umhverfishljóðum.
- 1.2. Ef búnaður getur sent frá sér hljóðmerki á breytilegri og fastri tíðni skal nota breytilega tíðni til marks um meiri hættu eða brynni þörf á að gripið sé til aðgerða en þegar hljóðmerkið er stöðugt.

1. Merkjakerfi

Hljóðmerki um brottflutning í neyð skal vera stöðugt.

VIII. VIÐAUKI

LÁGMARKSKRÖFUR VARÐANDI MUNNLEG FYRIRMÆLI

1. Meginreglur

- 1.1. Munnleg fyrirmæli, sem er stutt mál, fastar klausur, samfellt mál eða einstök orð (stundum á merkjamáli), eru send frá mælanda til eins eða fleiri áheyrenda.
- 1.2. Munnleg fyrirmæli eiga að vera eins gagnorð og einföld og hægt er; framsetning mælanda og möguleikar áheyrenda eða áheyrenda til að nema orð hans skulu vera með þeim hætti að ekki fari milli mála hver boðin eru.
- 1.3. Munnlegu fyrirmælin eru send út beint (mannsrödd) eða óbeint (mannsrödd eða gervirödd er útvarpað með þar til gerðum búnaði).

1. Ákveðnar reglur um notkun

- 2.1. Þeir sem hlut eiga að máli verða að hafa gott vald á tungumálinu sem er notað svo þeir geti borið fram og skilið munnlegu fyrirmælin rétt og því hegðað sér rétt í samræmi við þau með tilliti til öryggis og/eða heilbrigðis.
- 2.2. Ef munnleg fyrirmæli eru notuð í staðinn fyrir — eða með — merkjagjöf skal nota orð eins og t.d.:

— ræs	til að tákna að fyrirmæli hefjist
— stopp	til að rjúfa eða ljúka aðgerð
— endir	til að stöðva verk
— upp	til að lyfta byrði
— niður	til að lækka byrði
— áfram	} hreyfingaráttin skal fara eftir tilsvareandi bendingum
— afturábak	
— til hægri	
— til vinstri	} fyrir neyðarstopp
— hætta	
— hratt	

IX. VIÐAUKI

LÁGMARKSKRÖFUR VARDANDI BENDINGAR**1. Reglur**

Bendingar verða að vera nákvæmar, einfaldar, stórkarlalegar, auðveldar í framkvæmd og auðskildar, og mjög auðgreinanlegar frá öðrum slíkum merkjum.

Ef báðir handleggirnir eru notaðar í senn verður að hreyfa þá samhverft og til þess að gefa einungis eitt merki.

Að því tilskildu að merkin fullnægi ofangreindum skilyrðum mega þau víkja eilítið frá eða vera nákvæmari en þau sem sýnd eru í 3. lið; þau verða þó að hafa sama inntak og vera jafnskýr.

2. Ákveðnar reglur um notkun

- 2.1. Sá sem gefur merkin, hér á eftir nefndur „merkjamaður“, veitir þeim sem móttækur fyrirmælin, og nefnist hér á eftir „stjórnandi“, leiðbeiningar með höndum eða armleggjum.
- 2.2. Merkjamaðurinn verður að geta séð og fylgst með öllu verkinu án þess að stofna sér í hættu.
- 2.3. Skyldur merkjamanns skulu einungis felast í því að stýra verki og tryggja öryggi nærstaddra starfsmanna.
- 2.4. Ef tilgreindum skilyrðum í lið 2.2 er ekki fullnægt verður að bæta við einum eða fleiri merkjamönnum.
- 2.5. Stjórnandi verður að gera hlé á verki og biðja um ný fyrirmæli ef hann getur ekki framkvæmt þau fyrirmæli sem hann fékk á nógu öruggan hátt.

2.6. Aukahlutir

Stjórnandi verður að geta þekkt merkjamann auðveldlega.

Merkjamaður skal bera eitt eða annað sem gerir hann auðþekktanlegan, t.d. stakk, hjálm, handstúkur, armbönd eða hafa í hendi spaða.

Þessi stykki skulu vera í skærum lit, helst öll í sama lit og merkjamaðurinn einn nota þann lit.

2. Merkjakerfi er nota skal*Ábending*

Merkin hér að aftan útiloka ekki að notuð séu önnur merkjakerfi í vissum greinum, ef þessi merki eru notuð í bandalaginu og fyrir sömu verk:

Inntak	Lýsing	Mynd
--------	--------	------

A. Almenn tákn

RÆS Viðbúinn Fyrirmæli hefjast	Báðir handleggir eru teygðir lárétt til hliðar og lófar snúa fram	
STOPP Rof Aðgerð lokið	Hægri hönd upplyft, lófinn snýr fram	
ENDIR á verki	Höndum krækt saman í brjósthæð	

B. Lóðréttar hreyfingar

UPP	Hægri hönd beinist upp, lófinn snýr fram, og myndaður hringur rólega	
NIÐUR	Hægri hönd beinist niður, lófinn snýr inn, og myndaður hringur rólega	
LÓÐRÉTT FJARLÆGD	Hendurnar gefa til kynna fjarlægðina	

Inntak	Lýsing	Mynd
C. Láréttar hreyfingar		
ÁFRAM	Báðir handleggir eru beygðir, lófarnir snúa inn, framhandleggirnir eru hreyfðir rólega í átt að líkamanum	
AFTURÁBAK	Báðir handleggir eru beygðir, lófarnir snúa niður, framhandleggirnir eru hreyfðir rólega í átt frá líkamanum	
TIL HÆGRI séð frá merkjamanni	Hægri handleggurinn stendur því sem næst beint út, lófinn snýr niður og gerðar rólegar hreyfingar til hægri	
TIL VINSTRI séð frá merkjamanni	Vinstri handleggurinn stendur því sem næst beint út, lófinn snýr niður og gerðar rólegar hreyfingar til vinstri	
LÁRÉTT FJARLÆGD	Hendurnar gefa til kynna fjarlægðina	

Inntak	Lýsing	Mynd
D. Hætta		
HÆTTA Neyðarstopp	Báðir handleggir standa upp í loft og lófarnir snúa fram	
HRATT	Allar hreyfingar hraðari	
HÆGT	Allar hreyfingar hægari	